

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 168/1999

frá 26. nóvember 1999

um breytingu á IV. viðauka (Orka)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/1999 frá 26. mars 1999⁽¹⁾.
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB frá 19. desember 1996 um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
3. Innlend markaðshlutdeild, eins og um getur í 1. mgr. 19. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB, skal, að því er varðar samninginn, miðuð við útreikninga á meðaltalsmarkaðshlutdeild í bandalaginu þegar raforkumarkaðurinn er gefinn frjálts.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist aftan við 13. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB) í IV. viðauka við samninginn:

- „14. **396 L 0092:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB frá 19. desember 1996 um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku (Stjtið. EB L 27, 30.1.1997, bls. 20).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 266, 19.10.2000, bls. 5 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 46, 19.10.2000, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 27, 30.1.1997, bls. 20.

- a) „viðeigandi ákvæði sáttmálans, einkum 90. gr.“ í 2. mgr. 3. gr. verði svohljóðandi: „viðeigandi ákvæði EES-samningsins, einkum 59. gr.“;
- b) „90. gr. sáttmálans“ í 3. mgr. 3. gr. verði svohljóðandi: „59. gr. EES-samningsins“;
- c) „hagsmunir bandalagsins“ í 3. mgr. 3. gr. verði svohljóðandi: „hagsmunir samningsaðila“;
- d) eftirfarandi bætist við í lokin í 2. mgr. 7. gr.: „, eins og um getur í EES-samningnum og samkvæmt aðlögunarákvæðum að því er hann varðar“;
- e) eftirfarandi bætist við fyrsta málslið í 2. mgr. 14. gr.: „, eins og um getur í EES-samningnum og samkvæmt aðlögunarákvæðum að því er hann varðar“;
- f) „sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983, sem byggist á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans um samstæðureikninga“ í 5. mgr. 14. gr. verði svohljóðandi: „sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983, sem byggist á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans um samstæðureikninga, eins og um getur í EES-samningnum og samkvæmt aðlögunarákvæðum að því er hann varðar“;
- g) sú skylda, sem hvílir á aðildarríkjunum og mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 19. gr., að tilkynna tölur um raforkunotkun neytenda til að unnt sé að reikna út meðalhluftfall bandalagsins, sem skilgreinir hversu opinn markaðurinn er, gildir ekki um EFTA-ríkin;
- h) „ákvæði sáttmálans, einkum 86. gr.“ í 22. gr. verði svohljóðandi: „ákvæði EES-samningsins, einkum 54. gr.“;
- i) þeim EFTA-ríjum, þar sem óheimilt er, að því er varðar rekstrarskuldbindingar og -tryggingar sem eru til komnar fyrir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 168/1999 frá 26. nóvember 1999, að fullnægja slíkum skuldbindingum og tryggingum vegna ákvæða þeirrar ákvörðunar, er heimilt að sækja um að tímabundið fyrirkomulag gildi um þau samkvæmt 1. og 2. mgr. 24. gr. Kunngera ber Eftirlitsstofnun EFTA um umsóknir um aðlögunartímabil eigi síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 168/1999 frá 26. nóvember 1999 öðlast gildi;
- j) eftirfarandi bætist við í síðasta málslið 3. mgr. 24. gr.: „, Ísland og Liechtenstein“;
- k) eftirfarandi bætist við í lok 2. mgr. 27. gr.: „Eftir að ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 168/1999 frá 26. nóvember 1999 öðlast gildi er unnt að veita Íslandi og Liechtenstein tveggja ára frest til viðbótar, vegna sérstakra tæknilegra eiginleika raforkukerfa þessara landa, til þess að uppfylla þær skuldbindingar sem leiðir af tilskipuninni.“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. nóvember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. nóvember 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

N. v. Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner